



Viðtakandi

Hér með sendist útskrift úr fundargerð borgarráðs frá 23.5.2024 varðandi eftirfarandi mál:

USK - Haukahlíð reitur I - breyting á deiliskipulagi - Haukahlíð 6 - til afgreiðslu

Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagsráðs frá 15. maí 2024, sbr. samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs frá 15. maí 2024 á auglýsingu á tillögu að breytingu á deiliskipulagi Hlíðarenda vegna reits I við Haukahlíð, lóð nr. 6, ásamt fylgiskjölum.
Samþykkt.

Ólöf Örvarsdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Þetta mál gengur út á breyting á deiliskipulagi – Haukahlíð 6. Lögð fram umsókn Bjargs íbúðafélags sem felst í fjölgun íbúða úr 70 íbúðum í 85 leiguíbúðir ásamt mörgu fleiru þessu tengt. Fram kemur í gögnum að „hafa ber þó í huga að þrátt fyrir að viðmið um fjölda bílastæða séu uppfyllt þá verða 31 íbúðir án bílastæða og því er mikilvægt að huga að því að gera aðgengi að vistvænum samgöngum eins hátt undir höfði og mögulegt er til að auðvelda íbúum að lifa bíllausum lífsstíl.“ Hér staldrar fulltrúi Flokks fólksins við því við vitum öll að við búum ekki við þann lúxus að hafa nógu góðar almenningssamgöngur. Það er ekki hægt að ætlast til að allir fari um á hjóli. Ekki eru aðstæður til að hægt sé að ætlast til að allir lifi bíllausum lífsstíl. Stungið er upp á ýmsu, s.s. að samnýta bílastæði eða veita aðstöðu til hjólaviðgerða nú eða tryggja íbúum aðgengi að deilibíl. Þetta er eins gott og það nær. Staðreyndir tala máli sínu. Bílum fjölgar og ekki að ástæðulausu. Fulltrúa Flokks fólksins finnst sem verið sé að þvinga borgarbúa allt of mikið til að leggja bílnum.

Helga Björk Laxdal
e.u.

Afrit: